



Dreifibréf til útgerða, sjómanna, hönnuða,
skemmtibáta eiganda, tryggingafélaga, innflytjenda
og söluaðila LED-ljósá og -búnaðs þeirra

Reykjavík, 30. mars 2020
Tilv.: 2002828 / LG

LED ljós og búnaður þeirra í skipum og bátum - Dreifibréf

Samgöngustofa, flokkunarfélög og skoðunarstofur annast eftirlit með siglingabúnaði, sbr. Lög um eftirlit með skipum nr. 47/2003. Tilgangur eftirlitsins er að stuðla að bættu öryggi sjófarenda.

Með tilkomu nýrra ljósgjafa (LED perunnar) hafa komið upp vandamál er snúa að því að LED perur og búnaður við þær, geti gefið frá sér rafsegulbylgjur í því mæli að þær hafi truflandi áhrif á fjarskiptabúnað og siglingatæki um borð í bátum og skipum. Í versta falli hafa komið upp tilfelli þar sem fjarskiptabúnaður er óstarfhæfur.

Af þessum sökum gerir Samgöngustofa kröfu til hönnuða og útgerða skipa og báta að við val á ljósum af þessari gerð verði horft til þess að LED perur og tilheyrandi búnaður þeirra, uppfylli grunnkröfur hvað varðar rafsegulsamhæfi (ElectroMagnetic Compatibility EMC), sbr. reglugerð nr. 303/2018 um rafsegulsamhæfi. Vörur eins og LED-ljósabúnaður á að vera CE-merktur og honum á að fylgja ESB-samræmisýfirlýsing (Declaration of Conformity).

Samgöngustofa og skoðunarstofur með skipum og bátum munu athuga á næstunni (eins fljótt og hægt er) sérstaklega hvort LED ljósabúnaður skipa og báta uppfylli grunnkröfur og gera viðeigandi ráðstafanir.

Samgöngustofa óskar eftir samvinnu og jákvæðum viðbrögðum til að leysa umræddan vanda.

Undirritaðir veita frekari upplýsingar sé þess óskað.

Róbert Marel Kristjánsson
Skipatæknideild
Samgöngustofu
robertmk@samgongustofa.is

Virðingarfyllst
f.h. Samgöngustofu

Leifur Gústafsson
Skipaefirlitsdeild
Samgöngustofu
leifurgu@icetra.is

Afrit:

SFS, Landsamband smábátaeigenda, Snarfari, Landhelgisgæslan, Slysavarnaskóli sjómanna, Rafiðnaðarsamband Íslands, SI, Póst- og fjarskiptastofnun, RNSA, Húsnæðis- og Mannvirkjastofnun, Sjómannasamband Íslands, tryggingarfélög, söluaðilar, skipa- og bátahönnuðir, skoðunarstofur, flokkunarfélög o.fl.